

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 95 14. ágúst 1962, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Rvík, sbr. breytingu nr. 112 28. júní 1963.

1. gr.

Upphafsaðkvæði reglugerðarinnar orðist svo:

Í Reykjavík hefur í samræmi við l. nr. 68 1962 verið gerður samningur milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, borgarstjóra f. h. borgarsjóðs og Sjúkrasamlags Reykjavíkur um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda. Sérstök stofnun, Gjaldheimtan, innheimtir gjöldin og starfar hún á vegum Reykjavíkurborgar. Heimilt er að innheimta í einu lagi á sérstökum gjaldheimtuseðli þinggjöld, er innheimt hafa verið samkvæmt skatttreikningi, útsvör, aðstöðuggjöld, sjúkrasamlagsgjöld, iðnlánasjóðsgjald og launaskatt. Um innheimtu gjalda samkvæmt gjaldheimtuseðli, svo og gjaldárgjalda og ábyrgð á greiðslu, gilda eftirfarandi reglur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 68/1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, sbr. 5. gr. laga nr. 45/1963, um iðnlánasjóð, og 9. gr. laga nr. 14/1965, um launaskatt.

Fjármálaráðuneytið, 10. ágúst 1965.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Björn Hermannsson.

Nr. 101.

11. maí 1965.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

2. gr. orðist svo:

1. gr.

Tóbak það, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins flytur inn samkv. 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum, en eigi öðrum.

Í smásölu er einungis heimilt að selja vindlinga í heilum óáteknum pökkum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast gildi 1. júní 1965, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Fjármálaráðuneytið, 11. maí 1965.

Magnús Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.